



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/125*  
*komudagur 1.11.2013*

Reykjavík 31. október 2013

## **Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar. Þingskjal 22 - 22. mál.**

ÖBÍ bindur vonir við að lögfesting Norðurlandasamningsins stuðli að því að fækka hindrunum, sem eru til staðar innan stjórnsýslunnar og hafa neikvæð áhrif á fólk, sem hefur búið í fleiri en einu norrænu ríki.

### **Athugasemdir við frumvarpið**

#### **12. gr. Endurhæfing**

Í nýju ákvæði samningsins (12. gr.) er kveðið á um samstarf hlutaðeigandi stofnana á sviði endurhæfingar fyrir einstaklinga sem hafa verið búsettir í öðru norrænu ríki en búsetulandi. Í ákvæðinu segir að stofnunin í búsetulandi skuli, að höfðu samráði við stofnunina í hlutaðeigandi ríki, annast þær aðgerðir sem eru mögulegar og rúmast innan löggjafar landsins.

Ólíklegt verður að teljast að þetta nýja ákvæði muni gagnast einstaklingum, sem búa á Íslandi en hafa verið búsettir í öðru norrænu ríki og fá synjun um endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR) þar sem þeir uppfylla ekki búsetuskilyrði, sem voru innleidd í 7. gr. laga um félagslega aðstoð og tók gildi 1. janúar 2010. Breytingin er varðar búsetu er í raun tvíþætt: a) Gerð er sama krafa um búsetutíma á Íslandi fyrir upphaf umsóknar um endurhæfingarlífeyri og örorkulífeyri. b) Endurhæfingarlífeyrir er skertur vegna búsetu á sama hátt og örorkulífeyrir.

Eftir lagabreytinguna þurfa umsækjendur um endurhæfingarlífeyri að hafa verið búsettir á Íslandi síðustu þrjú árin áður en umsókn er lögð fram eða sex mánuði ef starfsorka var óskert við upphaf búsetu. Þriggja ára bið, eða jafnvel lengri biðtími, þrengir mjög möguleika fólks til að komast aftur á vinnumarkað og endurhæfast, en mikilvægt er að tryggja endurhæfingu fjótlega eftir slys eða veikindi til að fyrirbyggja ótímabæra örorku.

Endurhæfingarlífeyrir er framfærsla á meðan endurhæfingu stendur og oft eina framfærslan, sem fólk er með. Vert er að hafa í huga að einstaklingar í endurhæfingu fá ekki greiðslur erlendis frá, þ.e. frá fyrra búsetulandi, þar sem endurhæfingarlífeyrir er ekki greiddur úr landi. Sjá nánar í meðfylgjandi bréfi dags. 18.2.2013, til velferðarráðuneytisins.



## Athugasemdir við greinargerð frumvarpsins

### Norðurlandasamningurinn tryggir ekki fullar bætur

Í greinargerðinni með frumvarpinu segir að „fyrirhuguð lagasetning og Norðurlandasamningurinn hafi almennt jákvæð áhrif fyrir þá sem falla undir íslenska löggjöf á sviði almannatrygginga og fara á milli norrænu ríkjanna“. Því miður er það svo að þrátt fyrir Norðurlandasamning um almannatryggingar valda stjórnsýsluhindranir miklum vandkvæðum hjá fólki sem hefur flutt á milli Norðurlandanna. Síðustu ár hafa sífellt fleiri örorkulífeyrisþegar leitað til ÖBÍ með skerðingar á greiðslum almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar vegna búsetu erlendis fyrir örorkumat. Samkvæmt svari velferðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur alþingismanns um búsetuland og greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega hefur fjölgað mjög í þessum hópi eða úr 402 einstaklingum árið 2009 í 686 einstaklinga árið 2012. Um er að ræða fjölda öryrkja búsetta á Íslandi með skertar greiðslur vegna fyrri búsetu í löndum innan og utan EES-svæðisins.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að öryrkjar fá ekki greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi, m.a. synjun um örorkumat erlendis frá, en mismunandi aðferðum er beitt við mat á örorku á milli landa. Á það einnig um við Norðurlöndin.

Samningar sem taka til almannatrygginga eru í gildi við ákveðin ríki, s.s. EES-samningurinn og Norðurlandasamningur um almannatryggingar sem hér er til umsagnar. Þrátt fyrir milliríkjasamninga fengu tæp 78% þeirra sem bjuggu áður í ríki sem samningur er í gildi við, engar greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi árið 2012. Mjög algengt er að öryrkjar í þessari stöðu hafi áður verið búsettir í öðru Norðurlandi sbr. meðfylgjandi yfirlit frá velferðarráðuneytinu dags. 2.5.2012.

Af fjölda þeirra sem fá engar greiðslur frá almannatryggingum fyrra búsetulands má ráða að forsendur þær sem stjórnvöld gefa sér fyrir hlutfallsútreikningi lífeyris eru í flestum tilvikum ekki fyrir hendi. Aðeins mjög lítil hluti örorkulífeyrisþega með skertar greiðslur vegna búsetu erlendis fær greiðslur frá fyrra búsetulandi vegna örorku. Það veldur því að umtalsverður hluti hópsins eða 241 (35%) eru með heildartekjur undir 170.000 kr. (fyrir skatt). Á sama tíma var framfærsluviðmið TR fyrir lífeyrisþega, sem ekki fær greidda heimilisuppbót, 174.946 kr. Inni í tölunni fyrir heildartekjur eru allar skattskyldar tekjur, þar á meðal bætur frá opinberum aðilum, s.s. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,  
f.h. ÖBÍ,

Lilja Þorgeirsdóttir,  
framkvæmdastjóri

Sigríður Hanna Inngólfsson  
félagsráðgjafi

Meðfylgjandi:

Afrit af bréfi til velferðarráðuneytisins, dags. 18.2.2013: Efni: Skerðing endurhæfingarlífeyris vegna búsetu erlendis.

Svar velferðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur alþingismanns um búsetuland og greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega.

Afrit af yfirliti frá velferðarráðuneytinu, dags. 2.5.2012, yfir skiptingu eftir fyrri búsetulöndum.

Velferðarráðuneytið  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. febrúar 2013.

### **Efni: Skerðing endurhæfingarlífeyris vegna búsetu erlendis.**

Bréf þetta er sent velferðarráðuneyti í tvíþættum tilgangi; annars vegar að hvetja til breytinga á lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, hvað varðar ákvæði um endurhæfingarlífeyri og hins vegar til að vekja athygli á þeim vandkvæðum sem núverandi fyrirkomulag hefur valdið tilteknum hópi einstaklinga sem þurfa endurhæfingar við.

Með 11.gr. laga nr. 120/2009 var skilyrðum fyrir endurhæfingarlífeyri breytt á þann veg að sömu reglur gilda um búsetutíma, fjárhæðir og tekjutengingar endurhæfingarlífeyris og gilda um örorkulífeyri samkvæmt. 18. gr. laga um almannatryggingar. Lögin tóku gildi 1. janúar 2010. Breytingin er varðar búsetutíma er í raun tvíþætt. Gerð er sama krafa um búsetutíma á Íslandi fyrir upphaf umsóknar um endurhæfingarlífeyri og örorkulífeyri og endurhæfingarlífeyrir er skertur vegna búsetu á sama hátt og örorkulífeyrir.

Eftir lagabreytinguna þurfa umsækjendur um endurhæfingarlífeyri að hafa verið búsettir á Íslandi síðustu þrjú árin áður en umsókn er lögð fram eða sex mánuði ef starfsorkan var óskert við upphaf búsetu. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 120/2009 segir: „...mikilvægt er að allir sem einhverja starfsgetu hafa eigi kost á endurhæfingarúrræðum sem leiða til aukinna möguleika á atvinnuþátttöku. Efla þarf endurhæfingu þeirra sem búa við skerta starfshæfni og gera þeim þannig mögulegt að komast á ný út á vinnumarkað eða taka á annan hátt virkan þátt í samfélaginu. Það er ekki einvörðungu mikilvægt einstaklinganna sjálfra vegna heldur ekki síður samfélagsins alls að efla endurhæfingu eins og kostur er.“

Með hliðsjón af framangreindu virðist ljóst að vilji löggjafans um að allir sem einhverja starfsgetu hafa eigi kost á endurhæfingarúrræðum stangist á við þær breytingar í lögnum að taka upp 3ja ára búsetuskilyrði og búsetuskerða endurhæfingarlífeyri. Slík skilyrði skerða enda rétt einstaklinga, sem þörf hafa fyrir endurhæfingu og ganga gegn markmiði endurhæfingar. Vandséð er að hugsun og vilji löggjafans hafi gengið til slíks, þegar lögnum var breytt á ofangreindan hátt. Breytingin ber því, að mati undirritaðra, þess merki að mistök hafi orðið í lagasetningu og þau þurfi að leiðrétta.



Mikilvægt er að grípa tímanlega inn í og tryggja að einstaklingar fái endurhæfingarúrræði fljótlega eftir slys eða veikindi og fyrirbyggja ótímabæra örorku.<sup>1\*</sup> Þriggja ára bið, eða jafnvel lengri biðtími, þrengir mjög möguleika einstaklings til að komast aftur á vinnumarkað og endurhæfast.

Meginmunur er á eðli örorku- og endurhæfingarlífeyris. Áréttað skal, að meginmarkmiðið með endurhæfingu er að gera umsækjendum, sem vegna veikinda eða slysa þurfa að endurheimta eða byggja upp færni sína, kleift að taka virkan þátt í samfélaginu. Endurhæfingarlífeyrir er framfærsla á meðan á endurhæfingu stendur og ósjaldan eina framfærslan. Ef sú framfærsla er skert verulega og þeim sem þurfa á endurhæfingu að halda er gert að lifa á tekjum, sem eru undir framfærsluviðmiði almannatrygginga, þá gerir það ákveðnum hópi umsækjenda ókleift að stunda endurhæfingu, þ.e. þeim sem ekki geta treyst á framfærslu maka eða aðra framfærslu. Vert að hafa í huga að einstaklingar í endurhæfingu fá ekki greiðslur erlendis frá, þ.e. frá fyrra búsetulandi, þar sem endurhæfingarlífeyrir er ekki greiddur úr landi.

Með hliðsjón af því er að framan greinir hvetja undirrituð til þess að lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, verði breytt til fyrra horfs hvað varðar skilyrði fyrir endurhæfingarlífeyri. Þá er bæði átt við núgildandi ákvæði um skerðingu greiðslna og skilyrði um lágmarksbúsetu. Með því væri markmiði endurhæfingarlífeyris aftur náð og hlutur einstaklinga, sem þurfa á endurhæfingu að halda, jafnaður á nýjan leik.

Hrefna R Magnúsdóttir  
Verkefnastjóri  
Fjölmenningssetri

Margrét Steinarsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Mannréttindaskrifstofu Íslands

Alma Sigurðardóttir  
Hallo Norden

Sigríður Hanna Ingólfssdóttir  
Félagsráðgjafi  
Öryrkjabandalagi Íslands

Eva Bjarnadóttir  
Framkvæmdastjóri  
Gæðhjálp

Magnús Þorgrímsson  
Réttargæslumaður fatlaðra  
Reykjavík og Seltjarnarnesi

---

<sup>1</sup> Samanber lokaskýrslu starfshóps um starfsendurhæfingu á Íslandi frá 14.5.2005.  
[http://www.ll.is/files/bbecdchifd/Skyrsla\\_um\\_starfsendurhafingu.pdf](http://www.ll.is/files/bbecdchifd/Skyrsla_um_starfsendurhafingu.pdf)

Alls eru 548 örorkulífeyrisþegar hjá TR sem eru búsettir hér á landi en eru ekki með full réttindi í almannatryggingum vegna búsetu eða vinnu erlendis. Þá eru 23 sem eru með örorkumat en fá ekki greiddan örorkulífeyri vegna of hárra tekna.

Þetta eru um 3,6% af um 15.300 örorkulífeyrisþegum sem fá greiddar örorkubætur frá TR (um 530 af þessum 15.300 eru búsettir erlendis). Auk þess eru um 750 með örorkumat en fá ekki greiddan örorkulífeyri vegna of hárra tekna.

Skipting eftir löndum sem um ræðir (fyrri búsetu-/starfslönd) þ.e. Norðurlönd, önnur EES lönd og lönd utan EES.

Fæðingarland	Fjöldi	Hlutfall
Hin EES-löndin	133	24%
Ísland	217	40%
Norðurlönd	15	3%
Utan-EES	183	33%
<b>Samtals</b>	<b>548</b>	<b>100%</b>

Búsetuland	Fjöldi færslna	Hlutfall
Hin EES-löndin	165	24%
Norðurlönd	299	43%
Utan-EES	237	34%
<b>Samtals</b>	<b>701</b>	<b>100%</b>

310 af þessum 548 örorkulífeyrisþegum eru með samanlagðar heildartekjur (íslenskur almannatryggingalífeyrir, lífeyrissjóður, atvinnutekjur, fjármagnstekjur, erlendar tekjur, erlendum lífeyrir o.s.frv. ) undir lágmarksviðmiðinu.

Skipting eftir löndum sem um ræðir (fyrri búsetu-/starfslönd) þ.e. Norðurlönd, önnur EES lönd og lönd utan EES.

Fæðingarland	Fjöldi	Hlutfall
Hin EES-löndin	90	29%
Ísland	93	30%
Norðurlönd	6	2%
Utan-EES	121	39%
<b>Samtals</b>	<b>310</b>	<b>100%</b>

Búsetuland	Fjöldi færslna	Hlutfall
Hin EES-löndin	113	28%
Norðurlönd	136	33%
Utan-EES	160	39%
<b>Samtals</b>	<b>409</b>	<b>100%</b>

## Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um búsetuland og greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega.

1. *Hversu margir örorkulífeyrisþegar búsettir á Íslandi á árunum 2009–2012 fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Réttur til lífeyrisgreiðslna innan íslenska almannatryggingakerfisins byggist á búsetu hér á landi. Einstaklingur ávinnur sér því fullan rétt (100%) til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, með 40 ára búsetu hér á landi á aldrinum 18–67 ára. Gerð er lágmarkskrafa um búsetu hér á landi í þrjú ár fyrir umsókn um örorkulífeyri. Við ákvörðun réttinda innan kerfisins er bæði litið til þess tíma er viðkomandi hefur þegar verið búsettur hér á landi frá 18 ára aldri og til framtíðarbúsetutíma fram til 67 ára aldurs, þ.e. réttindi eru einnig veitt á grundvelli framreiknings. Þeir örorkulífeyrisþegar sem ekki njóta fullra réttinda innan íslenska almannatryggingakerfisins vegna styttri búsetu hér á landi ná því ekki fullum réttindum þrátt fyrir að til viðbótar þeim búsetuárum á Íslandi sem liðin voru fyrir þann dag sem örorkulífeyrir er ákvarðaður sé tekið tillit til þess árafjölda sem eftir er fram til 67 ára aldurs viðkomandi.

Alls fengu 15.347 einstaklingar greiddan örorkulífeyri innan almannatryggingakerfisins á síðasta ársfjórðungi 2012.

Fjöldi þeirra örorkulífeyrisþega sem voru búsettir hér á landi á árunum 2009–2012 og sem fengu greiddan hlutfallslegan örorkulífeyri innan almannatryggingakerfisins vegna styttri búsetu en 40 ár hér á landi (þar með talin framtíðarbúseta til 67 ára aldurs) kemur fram í eftirfarandi töflu.

Ár	Fjöldi
2009	402
2010	455
2011	543
2012	686

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

2. *Hversu margir örorkulífeyrisþegar búsettir á Íslandi sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis voru búsettir í ríkjum a) utan, b) innan EES-svæðisins fyrir flutning til Íslands?*

Fjöldi þeirra sem fengu greiddan hlutfallslegan örorkulífeyri innan íslenska almannatryggingakerfisins vegna styttri búsetu en 40 ár hér á landi (þar með talin framtíðarbúseta til 67 ára aldurs) kemur fram í eftirfarandi töflu.

	2009	2010	2011	2012
Fjöldi sem áður var búsettur í ríkjum utan EES	183	196	226	260
Fjöldi sem áður var búsettur í ríkjum innan EES	214	256	315	424
Fjöldi þar sem fyrri búseta erlendis er ekki skráð hjá Tryggingastofnun ríkisins	24	22	27	34

*Athugasemd: Sumir örorkulífeyrisþeganna háfa bæði búð í ríkjum innan og utan Evrópska efnahagssvæðið og eru því tvítaldir.*

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

### 3. Hversu margir örorkulífeyrisþegar skv. 1. tölul. fá engar greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi?

Upplýsingar Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi eru eingöngu byggðar á upplýsingum frá örorkulífeyrisþegunum sjálfum en þær eru ekki sannreyndar í samkeyrslum við almannatryggingakerfi þessara ríkja. Upplýsingar varðandi árið 2012 miðast við tekjuáætlanir en upplýsingar fyrir árin 2009–2011 hafa verið keyrðar saman við skattframtöl hlutaðeigandi.

Til skýringar skal þess getið að með grunnlífeyri er átt við lífeyri sem reiknast á grundvelli búsetu. Með tekjutengdum lífeyri er átt við lífeyri sem ávinnst á grundvelli atvinnu eða atvinnutekna í fyrra búsetulandi. Með lífeyrissjóðstekjum er átt við lífeyri á grundvelli inngreiddra iðgjalda/framlaga.

Fyrir árið 2012 gáfu 579 einstaklingar af þeim 686 sem fá greiddan hlutfallslegan lífeyri Tryggingastofnun þær upplýsingar að þeir fái engan lífeyri frá fyrra búsetulandi, en 361 einstaklingur af 402 fyrir árið 2009.

	2009	2010	2011	2012
Fjöldi sem fær hvorki erlendan grunnlífeyri, tekjutengdan lífeyri eða lífeyrissjóðstekjur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi	361	400	457	579

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

### 4. Hversu stórt hlutfall örorkulífeyrisþega skv. 1. tölul. fær ekki greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi þrátt fyrir að milliríkjasamningur sé í gildi milli Íslands og fyrra búsetulands?

Samningar sem taka til almannatrygginga eru í gildi við ríki sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Friverslunarsamtaka Evrópu og Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Enn fremur er tvíhliða samningur í gildi við Kanada og nótuskipti um greiðslur milli Bandaríkjanna og Íslands. Ekki er nægilegt að samningur um almannatryggingar sé í gildi við fyrra búsetuland til að viðkomandi fái greiddan örorkulífeyri því um rétt til lífeyris fer samkvæmt innlendum lögum í viðkomandi ríki. Það er því ávallt forsenda þess að lífeyrir greiðist frá fyrra búseturíki að viðkomandi hafi áunnið sér rétt til lífeyris þar í landi og fullnægi skilyrðum í löggjöf viðkomandi lands fyrir greiðslum.

Miðað við þær upplýsingar sem eru skráðar hjá Tryggingastofnun ríkisins bjuggu 259 einstaklingar af þeim 402 sem nutu hlutfallslegs réttar til örorkulífeyris innan íslenska almannatryggingakerfisins árið 2009 áður í ríki sem er aðili að einhverjum þeim samningum sem nefndir eru hér á undan. Til samanburðar var um að ræða 297 einstaklinga af 455 árið

2010, 360 einstaklinga af 543 árið 2011 og 472 einstaklinga af þeim 686 sem fengu hlutfallslegan örorkulífeyri frá Tryggingastofnun árið 2012.

Af þeim 686 sem fengu hlutfallslegan örorkulífeyri innan íslenska almannatryggingakerfisins árið 2012, sbr. 1. tölul., bjuggu 472 áður í ríki sem samningur er í gildi við. Þar af fengu 367 ekki greiddan örorkulífeyri frá almannatryggingum í því ríki. Samtals bjuggu 214 af þessum 686 áður í ríki sem enginn samningur er í gildi við.

Ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um ástæður þess að þessir einstaklingar fá ekki greiddan örorkulífeyri, t.d. hvort viðkomandi hafi ekki sótt um lífeyri til fyrra búsetulands, hafi ekki áunnið sér rétt til lífeyris þar í landi eða hafi fengið synjun á umsókn og þá af hvaða ástæðum.

	2009	2010	2011	2012
Milliríkjasamningar í gildi við fyrra búsetuland, fjöldi	259	297	360	472
Þar af með engar greiðslur (erlendan grunnlífeyri, tekjutengdan lífeyri eða lífeyrissjóðstekjur í erlendri mynt)	219 (85%)	243 (82%)	275 (76%)	367 (78%)

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

5. *Hversu margir örorkulífeyrisþegar sem sótt hafa um örorkulífeyri frá öðru EES-ríki árin 2009–2012 hafa fengið synjun um örorkulífeyri frá fyrra búsetulandi? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um hvort viðkomandi einstaklingar hafi sótt um lífeyri til annars ríkis, hafi ekki áunnið sér rétt til lífeyris eða hafi fengið synjun á umsókn sem send hefur verið. Til að kanna hvort þessar upplýsingar séu til í viðkomandi málum þarf að fara handvirkt yfir mál hvers einstaklings um sig.

6. *Hversu margir örorkulífeyrisþega skv. 1. tölul. féllu í eftirtalda tekjuflokka á árunum 2008–2012 (skattskyldar tekjur í maí og nóvember á árunum 2009, 2010, 2011 og 2012) sem miðast við allar skattskyldar tekjur:*

- 0–79.999 kr.,
- 80.000–99.999 kr.,
- 100.000–129.999 kr.,
- 130.000–149.999 kr.,
- 150.000–169.999 kr.,
- 170.000–189.999 kr.,
- 190.000–209.999 kr.,
- 210.000 kr. eða hærri?

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins voru alls 553 af þeim 686 einstaklingum sem bjuggu hér á landi árið 2012 og fengu greiddan hlutfallslegan örorkulífeyri innan almannatryggingakerfisins með skattskyldar tekjur 150.000 kr. og hærri, og eru þá skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun meðtaldar. Ef skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun eru undanskildar eru 164 einstaklingar af 686 með tekjur 150.000 kr. og hærri.

Fjöldi örorkulífeyrisþega skv. 1. tölulið fyrirspurnarinnar sem féllu í eftirtalda tekjuflokka á árunum 2008–2012 kemur fram í eftirfarandi töflu. Skattskyldar tekjur að meðtöldum skattskyldum greiðslum frá Tryggingastofnun.



	2009		2010		2011		2012	
	maí	nóv.	maí	nóv.	maí	nóv.	maí	nóv.
0–79.999 kr.	25	30	30	31	24	28	35	33
80.000–99.999 kr.	12	17	23	24	14	12	15	14
100.000–129.999 kr.	55	71	81	96	46	32	31	29
130.000–149.999 kr.	65	67	83	77	88	54	45	57
150.000 – 169.999 kr.	41	43	65	63	102	116	96	108
170.000–189.999 kr.	47	40	43	38	77	65	136	132
190.000 – 209.999 kr.	30	26	28	25	43	69	108	100
210.000 kr. eða hærrí	127	108	102	101	149	167	220	213

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.